

að gjöra nokkra ráðstöfun fyrir hinum sèrstöku tilfellum, sem tekin eru fram í ofan nefndu bræfi, þaræð ekki verður álitid, eptir því sem þer hafið skýrt frá, að breytt hafi verið móti því sem kanselibræf 27. febrúar 1838 skipar fyrir, þannig verða menn framvegis að hegða sèr eptir ofan nefndum úrskurði kanselísins, sem bannar að setja meðdómendur yfirdómsins í áður umgetin embætti, nema brýn nauðsyn krefi, og á þá yfirdómarinn ætíð að fá vitneskju um það.

1856.

23. maí.

16. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í norður- og austur-umdæminu um framfærslurétt fraskilinnar konu og óskilgetinna barna hennar.

27. júní.

Með bræfi 19. apríl þ. á. hefir herra amtmaðurinn sent fylgiskjöl nokkur, er snerta spurningu þá, sem sveitarstjórar í Torfustaða hreppi í Húnavatns sýslu hafa gjört, um það, að hve miklu leyti Katrín nokkur Benediktsdóttir, sem með dómi, upp kveðnum 2. marz 1847, að lögum er skilin við mann sinn Hjálmar Jónasson, ásamt tveimur óskilgetnum börnum hennar, sem hún hefir fædt eptir að hjónabandinu var slitid, eigi rétt til framfærslu í sömu sveit og maður hennar, nefnilega í áður nefndum Torfustaða hreppi, eða þá í þeirri sveit, hvar börnin eru fædd, það er að skilja í Vindhælis hreppi.

Útaf þessu efni læt eg ekki hjá líða til þóknanlegrar vitundar og frekari auglýsingar að skýra yður frá, að eins og stjórnarráðið verður að vera herra amtmanninum samdóma í því, að áður nefnd Katrín Benediktsdóttir, sem ekki hefir öðlæzt nokkurn framfærslustað eptir að hjónabandinu var slitid, hljóti að eiga rétt til framfærslu í sveit þeirri, hvar maður hennar, sem hún er skilin frá, hafði framfærslu, þannig hljóta einnig óskilgetin börn hennar, sem bæði eru innan 16 ára, samkvæmt ákvörðunum þeim sem eru í 6. gr. í reglugjörðinni 8. janúar 1834, að eiga framfærslu í þeirri sveit, sem móðir þeirra á hana, og eiga þau þessvegna rétt til framfærslu í Torfustaða hreppi.